

Reykjavík, 13. júní 2024

Efni: Umsókn um undanþágu fyrir heimsóknir hunda í grunnskóla

Langholtskóli, Holtavegi 23, 104 Reykjavík sækir hér með um leyfi skv. 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti sem segir: „Óheimilt er að hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3“. Skv. 3. tl. sömu greinar „getur heilbrigðisnefnd heimilað að farið sé með gæludýr inn í stofnanir, svo sem skóla eða bókasöfn, í afmarkaðan tíma. Kveða skal á um slíkt í starfsleyfi eða gefa út einstakt leyfi fyrir stakar heimsóknir ef slíkar heimsóknir eru ekki með reglubundnu millibili. Í skilyrði slíks starfsleyfis eða leyfis skal m.a. kveða á um heilbrigði og hreinsun dýrsins, leyfi sem dýrið skal hafa, tíma sem dýrið dvelur á staðnum hverju sinni, hvar dýrið má vera í húsnæði stofnunarinnar og þrif á húsnæði. Fullnægjandi þrif skulu fara fram strax að loknum viðburði. Sé um að ræða hund eða kött skal upplýsa greinilega í fjórar vikur eftir að viðburði er lokið að hundur eða köttur hafi verið í húsnæðinu“.

(x) Sótt er um breytingu á starfsleyfi Langholtskóla þannig að kveðið verði á um í starfsleyfi að heimsókn hunda verði heimilar.

() Sótt er um leyfi fyrir heimsókn/heimsóknir dagana (dagsetningar).

Fyrirkomulag verkefnis:

Hundur kemur í skólann á föstudögum. Hundurinn dvelur í skólanum í (6 klukkustundir í senn).

- Leið sem hundurinn fer inn og út og rými sem hann dvelur í:
Hundurinn verður staðsettur í sér rými sem hefur sér inngang frá skólalóð. Hann fer út og inn um inngang frá skólalóð.
- Sérstakar ráðstafanir vegna þrifa:
Rýmið sem hundurinn verður staðsettur í verður þrifið sérstaklega að lokinni hverri heimsókn. Þess verður gætt að þrif verði ætíð framkvæmd og sérstaklega sniðin að starfseminni.
- Sérstakar ráðstafanir vegna öryggismála:
Hundurinn verður undir stjórn eiganda allan þann tíma sem hann verður í skólanum. Þessi hundur er sér þjálfaður til að starfa með börnum og hefur verið lestrarhundur í öðrum grunnskólum í Reykjavík. Fyllsta öryggis verður gætt við komu og brottför hundsins og miðað við þá tíma sem fámennt er á skólalóð.

Örmerki hunds: 352 206 000 141 907

Ábyrgðarmaður verkefnis/aðili sem getur gefið frekari upplýsingar:

Dags. 13. júní 2024

Gunnar Jarl Jónsson/Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir

F.h. Langholtskóla,

Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, skólastjóri Langholtskóla